

Fluglestin



Er hraðlest milli Keflavíkurflugvallar og miðborgar Reykjavíkur raunhæfur möguleiki?




Markmið verkefnis

- Að kanna kostnað og hagkvæmni þess að byggja og reka hraðlest milli Keflavíkurflugvallar og miðborgar Reykjavíkur í einkaframkvæmd.
- Að leiða í ljós samfélagslegan ávinning af slíku verkefni.
- Að þróa verkefnið og setja það fram þannig að samstaða geti náðst um það meðal hagsmunaaðila og almennings.

Hvað hefur breyst?

- Nokkrum sinnum verið skoðað áður
- Betri og ódýrari tækni
 - Minni kostnaður
- Mikil fjölgun farþega
 - Auknar tekur

Ferli málsins



Hverjir standa að verkefninu?

- Efla, verkfræðistofa
- Kadeco, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
- Landsbankinn, fyrirtækjaráðgjöf
- Isavia
- Ístak
- Reykjavíkurborg
- Reitir, fasteignafélag
- Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Forsendur

- Að ferðatími verði innan við 20 mínútur að hámarki.
- Að ferðatíðni verði á 15 mínútna bili á annatíma.

Er þetta hægt?


Já!



Svona:

- Tvöfaldir teinar eftir yfirboði frá Keflavík að Hafnarfirði.
- Einfaldur teinn um göng frá Straumsvík að miðborg Reykjavíkur.
- Lengd leiðar 46 km, þar af 12,3 í göngum.
- Meðalhraði u.þ.b. 180 km/klst. Hámarkshraði rúmlega 200 km/klst.
- Fjórar lestareiningar sem geta í upphafi annað allt að 1.000 manns á klukkustund í hvora átt. Möguleiki á að a.m.k. tvöfalda þá getu síðar.
- Yfirbyggð lestarstöð við flugstöðina, neðanjarðarstöð við gangaendann í miðborg Reykjavíkur.
- Kostnaður á bilinu 95-105 milljarðar króna.

Mögulegar leiðir




Líklegur farþegafjöldi

Fjórir mismunandi farþegahópar:

- Erlendir ferðamenn á leið til og frá landinu
- Íslenskir ferðamenn á leið til og frá landinu
- Skiptifarþegar
- Almennir innlendir farþegar

Líklegur farþegafjöldi

Farþegaspá Isavia-Komu og brottfararfarþegar alls



Líklegur farþegafjöldi

Árið 2023:

- Flugfarþegar í lest á bilinu 2,3(50% hlutdeild) til 3 milljónir (65% hlutdeild). Í dag eru erlendir farþegar um 65% allra farþega en gera má ráð fyrir að það hlutfall fari hækkandi.
- Skiptifarþegar í lest ekki reiknaðir með en heildarfjöldi þeirra um flugvöllinn er áætlaður 1,4 milljón, 5% þeirra væru 140 þúsund farþegar báðar leiðir.
- Farþegar, aðrir en flugfarþegar, má áætla 0,7-1,1 milljón miðað við að 1.000-1.500 manns nýti sér lestina á dag eða 500-750 í hvora átt frá Suðurnesjum og Reykjavíkursvæðinu.
- Heildarfarþegafjöldi 3-4 milljónir

Líklegur farþegafjöldi

Árið 2033:

- Heildarfarþegafjöldi miðað við alþjóðlegar spár um fjölgun flugfarþega á bilinu 5 til 6,5 milljónir (5% vöxtur) út frá sömu forsendum.

Hvaða tekjum skilar þetta?

- Verð í fluglestum í nágrannalöndum yfirleitt á bilinu 3.500-5.000 krónur fyrir staka ferð. Ekki mikil fylgni milli verðs og markaðshlutdeildar. Mun meiri fylgni milli ferðatíma og hlutdeildar en mest milli ferðatíðni og hlutdeildar.
- 2,5 milljónir farþega gæfu brúttótekjur upp á 10 milljarða á ári miðað við 4.000 króna fargjald. Sami fjöldi gæfi tekjur upp á 9 milljarða miðað við 3.600 króna fargjald. Samkeppni er við rútur, leigubíla og einkabíla hjá innlendum farþegum.
- Reglulegir farþegar á leið til og frá vinnu hafa mun lægra gjaldþol. Ef hver þeirra greiddi 500 krónur fyrir ferðina myndu milljón farþegar skila 500 milljónum árlega.

Hver er samfélagslegur ávinningur af framkvæmdinni?

- Almenn jákvæð umhverfisáhrif
 - Raflestir eru umhverfisvænn ferðamáti öfugt við núverandi og vaxandi bílaumferð, sérstaklega ef raforku sem nýtt er til lesta er aflað á umhverfisvænan og sjálfbæran hátt. Reikna má með að raflest dragi verulega úr umferð bíla milli Reykjanesbæjar og Reykjavíkur og minnki þar með mengun og kolefnislosun.
- Orkusparnaður og minni innflutningur á bensíni og olíu
 - Lest sem annar umferð milli höfuðborgarsvæðisins og flugvallar í Keflavík nýtir innlenda græna orku, í stað innflutts eldsneytis.
- Tímasparnaður, áreiðanleiki og lægri samgöngukostnaður
 - Verulegur sparnaður yrði með minni ferðatíma þeirra sem í dag nýta millilandaflug. Þá eru hraðlestir afar áreiðanlegur ferðamáti og lítt háðar veðri eða öðrum utanaðkomandi aðstæðum. Að lokum þá kostar hver farþegi í háhraðalest að meðaltali fjórfalt minna pr. ekinn km. en einstaklingur í einkabifreið.

Hver er samfélagslegur ávinningur af framkvæmdinni?

- Aukinn hagvöxtur
 - Með betri og skilvirkari samgöngum milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins verður suðvesturhorn landsins sem heild endanlega eitt atvinnusvæði. Slíkt leiðir af sér aukna hagkvæmni með samfelldum vinnumarkaði og auknum hreyfanleika vinnuafis.
- Umferðaröryggi
 - Lestir eru mun öruggari ferðamáti en bifreiðar og slysatíðni miklu lægri. Verulegur samfélagslegur sparnaður er af slíku.
- Greiðari samgöngur og betra flæði ferðamanna

Áhrif á innanlandsflug

- Flutningur innanlandsflugs úr Vatnsmýri til KEF ekki forsenda lestar en hún skapar stóraukin sóknarfæri í innanlandsflugi
- Farþegar í innanlandsflugi myndu litlu bæta við heildarfarþegafjölda, (eru sambærilegur fjöldi og mögulegir skiptifarþegar) og eru því ekki reiknaðir með í forsendur.
- Styttri tengitími milli alþjóða- og innanlandsflugs myndu skapa innanlandsfluginu ný tækifæri.
 - Stöðug fækkun farþega og hækkandi verð.
 - Fáir erlendir ferðamenn nýta innanlandsflugið sem samgöngukost
 - 15-20 mínútna tengitími skapar möguleika á að bóka saman millilanda- og innanlandsflug og fjölga erlendum ferðamönnum sem þá gætu bókað beint t.d. London-Akureyri eða Egilstaðir-Barcelona.
 - Fleiri erlendir ferðamenn myndu bæta þjónustu og lækka verð með sambærilegum hætti og í alþjóðaflugi til og frá landinu.
- Staðsetning innanlandsflugs er sérmál sem ekki snertir þetta verkefni.

Mundu ríki og borg þurfa að greiða inn í framkvæmdina?

- Fer eftir fjárhæð þeirrar fjárfestingar sem einkaframkvæmd ber og rekstrarkostnaði þar sem ýmsum spurningum er ósvarað.
- Ef verkefnið er fjárhagslega arðbær einkaframkvæmd, þarf ekki slíka aðkomu.
- Ef arðsemi er ekki nægjanleg þarf að skoða samfélagslega arðsemi þess og hvort slíkt réttlæti aðkomu hins opinbera.
- Ákvarðanir um samgöngumannvirki yfirleitt teknar út frá slíkum sjónarmiðum. Verkefnið gæti verið tækifæri fyrir svokallað PPP verkefni (Public Private Partnership).


Mundu ríki og borg þurfa að greiða inn í framkvæmdina?

Í mörgum sambærilegum tilfellum erlendis hefur fjárhagsleg aðkoma hins opinbera verið forsenda framkvæmdar. Gæti t.d. orðið með því...

1. Að ríkið taki að sér byggingu endastöðvar og aðstöðu á Keflavíkurflugvelli en Reykjavíkurborg í Vatnsmýri.
2. Að ríki komi að fjármögnun verkefnisins með svipuðum hætti og varðandi Vaðlaheiðargöng.
3. Að ríki og borg leggi fram hlutafé í sérstakt félag um framkvæmdina á móti öðrum fjárfestum líkt og gert var með óbeinum hætti varðandi Hvalfjarðargöngin.


Samfélagsleg áhrif á Suðurnes

- Samtenging við höfuðborgarsvæðið í eitt búsetu- og atvinnusvæði



Samfélagsleg áhrif á Suðurnes

- Samtenging við höfuðborgarsvæðið í eitt búsetu- og atvinnusvæði
 - Aukinn sveigjanleiki á vinnumarkaði
 - Jöfnun launa og annarra lífskjara milli svæða
 - Ný tækifæri í atvinnulífi á svæðinu og fjölgun starfa



Samfélagsleg áhrif á Suðurnes

Áhrif á ferðaþjónustu

Gæti breytt samkeppnisstöðu ferðaþjónustufyrirtækja á svæðinu gagnvart höfuðborgarsvæðinu

- Sumir ferðamenn fara beint af flugvelli til RVK í stað þess að stoppa og kaupa þjónustu
- Aukin tækifæri til bættrar samkeppnisstöðu á mótí. Mikil miðsækni í t.d. hótलगistingu út frá miðborg Reykjavíkur. Gjörbreyttar aðstæður varðandi ferðatíma þangað og áreiðanleika ferða færir hótél og gistihús á svæðinu nær miðjunni

Samfélagsleg áhrif á Suðurnes

Fasteignaverð

- Jöfnun fasteignaverðs á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu.
- Lestarstöðvar hafa oft afar jákvæð áhrif á verðmæti fasteigna í nágrenni þeirra.
- Hér er nýlegt dæmi frá London um nýja stöð þar sem verð hækkaði í nágrenninu um 30% í kjölfar ákvörðunar um slíka framkvæmd árið 2008. Í greininni er spáð 40% hækkun til viðbótar fram að opnun stöðvarinnar árið 2018.

The Telegraph

House prices near Crossrail 'to rise by 40pc'

Prices of properties near central London stations have already risen by more than 30pc since Crossrail was announced, according to a new study.



Er eitthvað vit í þessu?

- Er þetta raunhæf hugmynd?

Já

- Er hún arðbær?

Vonandi! Kemur í ljós í febrúar, en ef ekki núna, þá mjög fljótlega.

- Verður af þessu?

Já ef ekki strax, þá mjög fljótlega.

- ❖ Hraðlest KEF-REY er jákvætt, tímabært, umhverfisvænt og samfélagslega gott verkefni.



Spurningar?



Ráðgjöf og verkefnastjórnun
Runólfur Ágústsson